

Nd.

620. Frumvarp til laga

[337. mál]

um breyting á lögum nr. 64/1958, um útflutning hrossa, sbr. lög nr. 67/1969, um breyting á þeim lögum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

2. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1969, orðast svo:

Útflutningshross skulu vera heilbrigð að mati dýralæknis.

Útflutningur á stóðhestum tveggja vetra og eldri og tömdum kynbótahryssum er óheimill nema til komi leyfi landbúnaðarráðherra hverju sinni að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Ekkert hross má flytja út innan tveggja vetra aldurs nema ráðunautur Búnaðarfélags Íslands í hrossaútflutningi samþykki útflutninginn. Útflutningshross skulu merkt bæði framleiðanda- og kynbótamerki.

Á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. júní er óheimilt að flytja hross til útlanda nema í sérstökum gripaflutningaskipum eða með flugvélum enda hafi þau áður verið fóðruð inni á heyfóðri og skulu nánari reglur settar um það í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hagsmunafélag hrossabænda hefur farið þess á leit við landbúnaðarnefndir Alþingis að þær beiti sér fyrir breytingu á upphafi 2. gr. laganna um útflutning á hrossum. Upphaf lagagreinarinnar er þannig:

„Útflutningshross skulu eigi vera eldri en 10 vetra og heilbrigð að mati dýralæknis.“

Talsmenn Hagsmunafélags hrossabænda segja að ákvæði þetta hafi leitt það af sér að ekki hafi verið hægt að selja t.d. stóðhesta eldri en 10 vetra úr landi þó að mjög hátt boð hafi verið gert í þá, jafnvel 250—300 þús. kr. Afsláttarverð á þessum hrossum telja þeir vera um 10 þús. kr.

Í 5. og 6. gr. laganna eru ströng fyrirmæli um eftirlit og reglur um útflutning hrossa sem eiga að tryggja að hross, sem eru gölluð eða útliti og ástandi ábótavant, verði kyrrsett án tillits til aldurs. Því leggur nefndin til að aldursmörkin verði felld niður úr lögnum.

5. gr. laganna hljóðar svo:

„Skylt er dýralækni að kyrrsetja og banna útflutning á hrossum sem eru mögur og illa útlítandi, meidd, hölt, með mjög snúna hófa, áberandi skakka eða hnýtta fætur, áberandi bilun í fótum eða með öðrum verulegum lýtum og göllum.“

6. gr. laganna er þannig:

„Þeim, sem senda hross til útlanda, er skylt að tilkynna það dýralækni með nægum fyrirvara, enn fremur að láta dýralækni í té næga aðstoð við skoðunina.“